



Staðarreglur fyrir Garðavöll

Gilda frá 1. maí 2022

1. Vallarmörk eru hvítir hælur og hvítar línur umhverfis völlinn auk girðingastaura og gaddavírsstrengja/banda á milli þeirra við vallamörk.
2. Fjarlægðarhælur og möl í kringum þá, girðingarstaurar og gaddavírsstrengir/bönd milli þeirra svo og vökvunarkerfi eru óhreyfanlegar hindranir (regla 16.1).
3. **Færslur á brautum.** Þegar bolti leikmanns liggur innan almenna svæðisins og þar sem gras er slegið í brautarhæð eða neðar má leikmaður taka vítalausa lausn einu sinni áður en högg er slegið með því að færa boltann innan einnar kylfulengdar þaðan sem boltinn liggur (regla 14.1), þó ekki nær holunni. Þegar lausn er tekin skv. þessari reglu verður leikmaður að velja stað til að leggja boltann og fara eftir aðferðum við að leggja bolta aftur skv. reglu 14.2b(2) og 14.2e
4. Athafnasvæði á leið á milli 7. og 13. brautar er grund í aðgerð og sama gildir um athafnasvæði aftan við 14. teig og til hliðar við 17. flöt. Uppfylltur skurður á milli 7 og 5 bautar er grund í aðgerð. Lausn fæst skv. reglu 16.1b.
5. **Öll nýhreyfð moldarsvæði sem og ný lagt torf eru grund í aðgerð.** Láta skal bolta falla innan lausnarsvæðis (regla 16.1b).

Almennt víti fyrir brot á staðarreglu: Höggleikur - Tvö högg. Holukeppni - Holutap.

Leikmenn eru beðnir um að ganga vel um völlinn, nota flatargaffla og laga torfuför.

Símanúmer Golfskála/Dómara : 431-2711